

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Nefndarsvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík, 12. janúar 2015

Efni: Umsögn BHM um frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum nr. 90/1996, mál 372 á 144. löggjafarþingi.

Bandalag háskólamanna telur nauðsynlegt að réttur launamanna til að sækja sér launabætur sé á engan hátt takmarkaður, nema í því skyni að halda uppi lífsnauðsynlegri þjónustu og að almannahagsmunir séu í húfi.

BHM telur því rétt og sanngjarnt að lögreglumenn hafi rétt til verkfallsaðgerða, telji þeir þess þörf og mælir því með því að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst,



Páll Halldórsson,
formaður.

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. desember 2014

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögreglugögum nr. 90/1996 (verkfallsréttur lögreglumanna), þskj. 500-372. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögreglugögum nr. 90/1996. Í frumvarpinu er lagt til að verkfallsréttur lögreglumanna verði endurreistur með breytingu á lögreglugögum nr. 90/1996 á þá leið að 31. gr. þeirra laga verði felld brott.


BSRB styður og tekur undir umsögn Landssambands lögreglumanna um þingmál þetta enda verkfallsréttur og sammingsfrelsi launafólks grundvallarréttur sem verndaður er skv. stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

BSRB telur að ekki þurfi að fara mörgum orðum um þau vandkvæði sem hafi fylgt því samkomulagi sem afsal verkfallsréttar í stað kauptryggingar á launum lögreglumanna hefur haft í för með sér. Frá því að verkfallsréttur lögreglumanna var tekinn af árið 1986 hafa ávallt staðið yfir langar deilur í hvert sinn sem kjarasamningar þeirra eru lausir. Vísað er til umsagnar Landssambands lögreglumanna við þingmál þetta til frekari upplýsinga um kjaradeilur lögreglumanna við ríkið.

BSRB bendir á að bann við verkföllum geti varðað brot á mannréttindum þar sem um neyðarrétt launafólks er að ræða til að ná framgangi krafna sinna. Ákvæði 1. mgr. 74. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 með hliðsjón af 11. gr. laga nr. 62/1994, um mannréttindasáttmála Evrópu, hefur verið túlkað svo í dómaframkvæmd að það verndi ekki eingöngu rétt manna til að stofna stéttarfélög heldur einnig frelsi stéttarfélaga til að standa vörð um og tryggja hagsmuni félagsmanna sinna, þ.m.t. með verkföllum. Sammingsfrelsi stéttarfélaga sé leið að slíku marki og njóti því sérstakrar verndar. Líta verði svo á að verkfallsrétturinn sé í þeim skilningi hluti af sammingsfrelsi þeirra. Sammingsfrelsið er eðli máls samkvæmt ein grundvallarstoð þess að stéttarfélög geti sinni framangreindu hlutverki sínu.

Ef verkfallsréttur er afnuminn er undantekningarlaust skilyrði þess að viðkomandi stétt séu tryggð jafn góð eða betri úrræði um kjaramyndun þeirra. Réttur til verkfalls er eina úrræði launamanna til að knýja fram þau kaup og kjör sem launamenn telja ásættanleg hverju sinni. Í tilfelli lögreglumanna hefur það sýnt sig að afnám verkfallsréttarins hefur ýtt frekar undir aðstöðumun aðila við kjarasamningsgerð. Þar af leiðandi hefur skapast dráttur á kjarasamningsgerð þegar samningar eru lausir allar götur síðan 1986. Það er ótækt ástand fyrir alla aðila því krefst bandalagið þess, í samræmi við vilja lögreglumanna, að lögreglumönnum verði tryggður verkfallsréttur á ný með brottfellingu 31. gr. lögreglulaga.

Fyrir hönd BSRB



Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri

Egilsstöðum 23. 12. 2014

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis.


Umsögn Félags yfirlögregluþjóna, FY, um frumvarp til laga um breytingu á lögreglugum nr. 90/1996, þingskjal 500 – 372. mál.

Verkfallsréttur lögreglumanna var afnuminn 1986 í tengslum við gerð kjarasamnings fyrir lögreglumenn en sú niðurstaða var „þvinguð“ fram af hálfu ríkisins. Í sárabætur var gerð bókun um samningsréttarmál hvar tryggja átti að lögreglumenn fengju meðal-hækkun valinna hópa ef á þá hallaði. Í framhaldinu var þetta kallaður „viðmiðunar-samningur“ þar sem miðað skyldi við launabreytingar hjá BSRB, BHMR, SÍB og BK. Það var Hagstofa Íslands sem átti að reikna út launabreytingar á 6 mánaða fresti.

Skemmst er frá að segja að þessi framkvæmd gekk illa eftir og nokkrum sinnum þurftu samtök lögreglumanna, LL, að beita sér fyrir því að viðkomandi útreikningar yrðu framkvæmdir. Árið 1993 var gerð tilraun til að bæta úr þessu með nýrri bókun, sem tókst að hluta. Við gerð kjarasamnings lögreglumanna árið 2001 voru lögreglumenn undir miklum þrýstingi viðsemjenda sinna um að láta af hendi framangreindan „viðmiðunarsamning“ svo miklum að það var úrslitaatriði hjá samninganefnd ríkisins að hann færi út, til að skrifað yrði undir nýjan kjarasamning. Þá var gerð ný bókun um fyrirkomulag við skoðun á því hvort hallað hafi á lögreglumenn kjaralega séð og til varð ákvæði um gerðardóm. Segja má að það fyrirkomulag sem komið var á þegar verkfallsréttur lögreglumanna var afnuminn hafi aldrei almennilega gengið eftir. Verkfallsréttur til handa lögreglumönnum er því sanngirnismál og í raun er hann ? um mannréttindi.

Stjórn FY er fylgjandi tillögunni á þingskjali 500 – 372. mál og vill að þessar breytingar á lögreglugum nái fram að ganga.

F.h. FY



Óskar Bjartmarz
formaður



LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

Reykjavík 18. desember 2014.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík.

Tilvísun yðar: Þskj. 500 – 372. mál 144. löggjafarþing.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum nr. 90/1996 (verkfallsréttur lögreglumanna).

Landssamband lögreglumanna (LL) tekur heilshugar undir frumvarpið og rökstuðning sem fram kemur í greinargerð með því.

LL hefur í áraráðir krafist þess að lögreglumönnum verði færður aftur verkfallsréttur þeirra sem afnuminn var með lögum árið 1986. Kröfur þessar eru fyrst og fremst fram komnar vegna þess mikla aðstöðumunar sem er annarsvegar á LL sem stéttarfélagi, sem semur um kaup, kjör og önnur réttindi félagsmanna þess og ríkisvaldinu hinsvegar.

Ljóst er að þegar verkfallsréttur lögreglumanna var afnuminn þá var um að ræða framkvæmd stjórnvalda, sem væntanlega hafa ekki viljað stefna réttarvernd og löggæslu í tvísýnu í átökum vegna kjaralegra atriða er varða lögreglumenn. Þessa staðreynd er enda hægt að lesa í bréfasafni LL.

Lögreglumenn voru reyndar sjálfir á þessari skoðun á sínum tíma, að rétt væri að afnema verkfallsrétt þeirra, enda var samið um það, við gerð kjarasamnings þess tíma, að inn í kjarasamning lögreglumanna kæmi svokallað viðmiðunarsamkomulag. Það samkomulag átti að tryggja lögreglumönnum ákveðna kjaralega stöðu m.v. ákveðnar stéttir í

þjóðfélaginu (átti að tryggja sömu meðalhækkun launa og bandalög opinberra starfsmanna fengu á hverjum tíma).

Þessar viðmiðunarstéttir voru:

1. BSRB
2. BHMR
3. Samband íslenskra bankamanna og
4. Bandalag kennarafélaga.

Upphafleg bókun í kjarasamningi LL, vegna þessa samkomulags um afnám verkfallsréttar lögreglumanna var svohljóðandi:

„Aðilar eru sammála um að verkfallsréttur lögreglumanna skuli afnuminn. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því á Alþingi að í lög um lögreglumenn, nr. 56/1972, komi ákvæði er banni verkföll lögreglumanna ríkisins.

Jafnframt mun ríkisstjórnin beita sér fyrir eftirfarandi breytingu á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna að því er varðar sérkjarasamninga lögreglumanna:

„Náist ekki samkomulag um sérkjarasamning Landssambands lögreglumanna getur hvor aðili sem er í stað þess að vísa málinu til kjaranefndar krafist kjarabreytinga, sem samsvari því sem á vantar að lögreglumenn fái þá meðalhækkun sem eftirtaldir aðilar hafa fengið frá gerð síðasta sérkjarasamnings Landssambands lögreglumanna:

1. BSRB.
2. BHMR.
3. Samband íslenskra bankamanna.
4. Bandalag kennarafélaga.

Hagstofa Íslands reikni út framangreindar launabreytingar á sex mánaða fresti, talið frá júlí 1986.“

Strax við fyrstu vinnslu þeirra útreikninga sem Hagstofu Íslands skyldi falið að vinna myndaðist ágreiningur á milli LL og ríkisvaldsins um forsendur útreikninganna og hélst sá ágreiningur meira eða minna allan líftíma viðmiðunarsamkomulagsins eða allt þar til viðmiðunarsamkomulagið var endurskoðað um sex árum eftir að það var gert m.a. vegna þess að ríkisvaldið mat það svo að „sjálfvirkar hækkanir“ launa lögreglumanna voru of miklar. Mat lögreglumanna var hinsvegar það að viðmiðunarsamkomulagið hefði skilað of litlum hækkunum ef eitthvað var.

Niðurstaða þessarar „endurskoðunar viðmiðunarsamkomulagsins” var sú að ríkisvaldið „keypti“ samkomulagið burt úr kjarasamningi LL gegn tiltekinni launahækkun en þess hluta samkomulagsins er laut að kjaradeiluákvæðinu – vegna þeirrar staðreyndar að lögreglumönnum er meinað að boða til verkfalla – haldið inni í svokölluð gerðardómsfylgiskjali. Það fylgiskjal kveður á um það að hvor aðili um sig, nái þeir ekki saman um gerð kjarasamning, getur skotið kjaradeilunni til þriggja manna gerðardóms sem ætlað er það hlutverk að úrskurða um launabreytingar, sem og mögulegar aðrar breytingar á kjarasamningi. Hvor samningsaðili um sig skipar einn fulltrúa í gerðardóminn og ríkissáttasemjari þriðja fulltrúann, sem jafnframt er formaður dómsins og oddamaður. Úrskurður gerðardóms telst bindandi fyrir báða aðila og ekki verður kosið um úrlausn gerðardóms meðal félagsmanna LL.

LL hefur í tvígang frá árinu 2008 farið með kjaradeilu sína fyrir gerðardóm og í bæði skiptin hefur skapast gríðarleg óánægja meðal lögreglumanna með úrskurð gerðardómsins og þar með „lausn“ viðkomandi kjaradeilu. LL hefur enda sýnst niðurstaða gerðardómsins hafa tekið um of mið af þróun kjaramála annarra stéttarféлага sem og þess sem hefur verið að gerast í kjaramálum almennt og alls óviðkomandi kjaralegri stöðu lögreglumanna. Þannig hefur það virst sem svo að gerðardómurinn ræki ekki hlutverk sitt sem skyldi og dæmi um lausn kjaradeilu lögreglumanna á grundvelli fyrirbyggjandi gagna né þeirra gagna annarra sem hægt hefur verið að afla til raunverulegrar og sanngjarnrar lausnar viðkomandi kjaradeilu.

Þá hafa lögreglumenn jafnan setið á hakanum þegar kemur að viðræðum í kjölfar lausra samninga og jafnan gengið til samninga, fyrst á almennum vinnumarkaði (ASÍ), síðan við stærstu eða stærri félög opinberra starfsmanna og LL jafnan rekið lestina. Lögreglumenn hafa litið svo á að þessi staða sé tilkomin vegna þeirrar staðreyndar að þeir hafa ekki verkfallsrétt og þ.a.l. engar færar leiðir til að knýja hinn samningsaðilann að samningaborðinu til að vinna að sanngjarnri leið til lausnar kjaraviðræðum hvers tíma aðrar en bónleiðina. Það er í það minnsta ljóst að lögreglumenn verða að geta treyst því, í


þeirri stöðu sem þeir eru í, að vilji gagnaðilans til sanngjarnrar úrlausnar kjaraviðræðna sé til staðar hverju sinni en sagan, því miður, sýnir að ýmislegt skorti þar á.

Ljóst er að lögreglumenn geta ekki lengur búið við það fyrirkomulag sem nú er við lýði er varðar leiðir til lausna kjaraviðræðna þeirra og því ljóst að það er skýlaus krafa þeirra, í ljósi kjaraviðræðnasögu LL undanfarinna ára og áratuga, að þeir fái aftur verkfallsrétt sinn s.s. mælt er fyrir um í frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar. Þetta hefur enda verið krafa lögreglumanna um áraraðir og frá því er fyrst kom til ágreinings um úrvinnslu mála eins og upp var lagt með í „viðmiðunarsamkomulaginu“ frá árinu 1986.

Landssamband lögreglumanna áskilur sér allan rétt til að koma frekari athugasemdom og ábendingum að á síðari stigum málsins. Þá leggur LL áherslu á það að fá að koma fyrir Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis til að gera frekari grein fyrir sjónarmiðum Landssambandsins og svara þeim spurningum sem nefndarmenn kynnu að vilja bera upp.

Að síðustu vill LL, líkt og áður, gera sérstakar athugasemdir við það hversu skammur tími er jafnan gefinn til að koma að athugasemdom við lagafrumvörp sem lögð hafa verið fyrir Alþingi.

F.h. Landssambands lögreglumanna



Snorri Magnússon

Formaður



Lögreflugfélag Eyjafjarðar

Stofnað 6. Febrúar 2007

Þórunnarstræti 138 kt. 590979-0589 sími 444 2800

Aðalfundur Lögreflugfélags Eyjafjarðar, haldinn 15. febrúar 2015 ályktar eftirfarandi:

„Félagsmenn fagna mjög frumvarpi til laga um breytingu á lögrefluglögum, sem nú er til meðferðar á Alþingi. Frumvarpið felur í sér að 31. grein laganna falli brott og að þar með verði lögreflugmönnum á ný heimilað að taka þátt í verkfallsboðun og gera verkfall. Skorur við á alþingismenn að samþykkja frumvarp þetta“.

Lögreflugmenn seldu verkfallsréttinn árið 1986 fyrir samkomulag um kauptryggingu - s.k. viðmiðunarsamkomulag, þar sem miða átti laun lögreflugmanna við launaþróun fjögurra viðmiðunarstétta. Ekki hefur verið staðið við þetta samkomulag af hálfu ríkisvaldsins og lögreflugmenn setið eftir með sárt ennið og afleita samningsstöðu. Viðsemjendur okkar hafa nýtt sér þessa stöðu með þeim afleiðingum að ekki hefur tekist að landa kjarasamningi í mörg ár en síðasti kjarasamningur lögreflugmanna rann út 31. október 2008. Síðan þá hafa lögreflugmenn neyðst til að vísa kjaradeilum sínum til úrskurðar í gerðardómi og eru flestir afar ósáttir við þá niðurstöðu sem þannig fékkst og telja lögreflugmenn hafa dregist aftur úr þeim stéttum sem þeir hafa miðað sig við.

Lögreflugan á Íslandi er ein af grunnstöðum samfélagsins og lögreflugmenn gera sér manna best grein fyrir mikilvægi starfa sinna. Í ljósi reynslunnar blasir þó við að lögreflugmenn verða að hafa verkfallsvopnið til að skapa sér samningsstöðu og knýja viðsemjendur sína að samningsborðinu. Á 32. þingi Landssambands lögreflugmanna, sem haldið var í maí 2014, kom enda fram mjög sterk og afgerandi krafa lögreflugmanna um að endurheimta verkfallsréttinn hið fyrsta.

Fh. LFE

Hermann Karlsson, formaður


Reykjavík, 15.12.2014

Umsögn vegna breytinga á lögreglulögum

Umsögn þessi er vegna frumvarps um breytingu á lögreglulögum (verkfallsréttur lögreglumanna).
Umsögn þessi er frá stjórn Lögreglufélags Reykjavíkur

Stjórn Lögreglufélags Reykjavíkur styður frumvarpið heils hugar. Brýn þörf er á að veita því stuðning og framgöngu. Lögreglumenn hafa ítrekað setið á hakanum þegar tími samningsviðræðna er og sita lengri tíma samningslausir. Við leggjum trú á að breyting á lögum þessum og að fá verkfallsrétt lögreglumanna aftur sé skref í rétta átt.

Fyrir hönd Lögreglufélags Reykjavíkur



Guðmundur Ingi Rúnarsson, formaður



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. desember 2014.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum (verkfallsréttur lögreglumanna), 144. löggjafarþing 2014 - 2015. Þingskjal nr. 500. - 372. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar.

Með frumvarpinu er lagt til að tekin verði aftur breyting sem gerð var á lögreglulögum með lögum nr. 82/1986 þegar verkfallsréttur lögreglumanna var afnuminn. Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu var afnám verkfallsréttarins hluti af kjarasamningum þess tíma og átti að tryggja lögreglumönnum hækkun á launum í takt við önnur bandalög opinberra starfsmanna á hverjum tíma.

Mannréttindaskrifstofa Íslands styður frumvarpið og telur það í samræmi við félagafrelsis ákvæði 74. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, 11. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, 22. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnámálaleg réttindi, sem og 8. gr. alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, sú grein tiltekur jafnframt verkfallsréttinn sérstaklega. Verður að ætla að þrátt fyrir að lögreglumönnum sé heimilt að fara í verkfall verði að vera tryggt að haldið sé uppi nauðsynlegri öryggisgæslu meðan á verkfalli stendur.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Jóna Aðalheiður Pálmadóttir, lögfræðingur



Tollvarðafélag Íslands

Alþingi 21.1.2015

Málsnr.: 1411068

Málalykill: 0.34.2

Nefndasvið Alþingis

Allsherjar- og menntamálanefnd

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Selfoss, 20. janúar 2015

Efni: Umsögn Tollvarðafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögreglugögum nr. 90/1996 (verkfallsréttur lögreglumanna), þskj. 500-372. mál.

Tollvarðafélag Íslands (TFÍ) vill með bréfi þessu senda inn umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögreglugögum þrátt fyrir að umsagnarfrestur þess efnis sé liðinn.

Stjórn TFÍ fagnar framlagningu frumvarpsins en bendir jafnframt á að samkvæmt lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, hafa lögreglumenn, tollverðir og fangaverðir ekki verkfallsrétt.

Samkvæmt 22. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eru lögreglumenn, tollverðir og fangaverðir embættismenn.

Í 39. gr. laganna kemur fram að *“laun og launakjör embættismanna skulu ákveðin af kjararáði, enda geti þau ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu. Þó skulu laun og önnur launakjör lögreglumanna, tollvarða og fangavarða fara eftir kjarasamningum sem stéttarfélög eða samtök þeirra gera við ríkið”*.

Í 40. grein segir, *“embættismönnum er óheimilt að efna eða taka þátt í verkfalli eða öðrum sambærilegum aðgerðum”*.

Í ljósi ofangreindra ákvæða laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins má velja því upp hvort nægilegt sé að fella brott 31. gr. lögreglugluga til að ná fram markmiði um að virkja verkfallsrétt lögreglumanna.

TFÍ leggur því til að lögum um réttindi og skyldur ríkisins verði breytt svo toliverðir og fangaverðir njóti þeirra sjálfsögðu mannréttinda að hafa verkfallsrétt og ekki leiki vafi á verkfallsrétti lögreglumanna.

Fyrir hönd TFÍ


Arsæll Ársælsson

formaður